

Hefðarinnar farg

MYNDLIST

ANNA JÓA



LISTASAFN REYKJAVÍKUR | HAFNARHÚS
Jeanette Castioni – Hver er hræddur við hvern
Til 3. maí 2009. Ópið alla daga kl. 10-17.
Aðgangur ókeypis. Sýningarstjóri: Yean Fee Quay.

Það er engin nýlunda að nýjar kynslóðir listamanna standi í spurn frammi fyrir yfirþyrmandi magni uppsafnaðra menningarafurða frá ólíkum menningarskeiðum. Á sýningunni „Hver er hræddur við hvern“ í D-sal Hafnarhússins veltir Jeannette Castioni því fyrir sér „hvort fólk gæti notið þessarar arfleifðar og skynjað hana á persónulegan hátt, en ekki sem upphafið farg sem gæti lagst ofan á einstaklingana“ (Mbl. 19.3. '09).

Sýningargestum býðst að fara upp á upphækkaðan pall fyrir miðju salarins. Úr smáum götum berast upptökur af röddum ýmissa listamanna, þ.á m. súrrealistans Salvadors Dalí, og má því segja að raddir fortíðarinnar tali þarna beint í eyru þeirra gesta sem lúta niður, eða leggjast, til að hlusta. Á sama hátt þurfa leikendur í fallegu myndbandsverki að virkja líkamann til að endurskapa stellingar þekkttra, goðsögulegra höggmynda frá barokktímanum á Ítalíu. Þar sjást einstaklingar í hversdagslegum samtímaklæðnaði máta sig við goðsögulegar stellingar með því að ganga inn í sviðsmynd með sterkri hliðarlýsingu eða *chiaroscuro* – list-sögulegu stílbragði – og öðlast um stundarsakir hlutdeild í tímaleysi og upphafinni fegurð.

Myndbandsverkið dansar á mörkum helgimyndar og afhelgunar, líkt og segja má um önnur verk sýningarinnar. Útlinur mannvera úr myndverkum frá barokk- og endurreisnarskeiði sjást á reitaskiptum renningum á



Morgunblaðið/Einar Falur

HAFNARHÚSIÐ „Verkið virðist enduróma – og skopstæla – reynslu af söfnum þar sem menningararfurinn getur sannarlega virkað endurtekningarsamur og yfirþyrmandi.“

Myndbandsverkið dansar á mörkum helgimyndar og afhelgunar, líkt og segja má um önnur verk sýningarinnar.

vegg og þar eru jafnframt tölumerkingar sem sýningargestir geta mátað við tölusett pappírspjöld upp við vegg þar sem heiti verka og listamanna eru skrifuð í klifkenndum texta. Verkið virðist enduróma – og skopstæla – reynslu af söfnum þar sem menningararfurinn getur sannarlega virkað endurtekningarsamur og yfirþyrmandi. Upplýst eftirmynd

bókaropnu á gólfinu gnæfir yfir smáar, útklipptar ljósmyndir af fólki og gætu verið komnar beint úr ferðamannabæklingi. „Söfnuðurinn“ stendur líkt og við helga bók, stað eða mynd. *Embodied Meanings* segir þar (en það er titill bókar eftir heimspækinginn og listgagnrýnandann Arthur C. Danto) og er þar væntanlega komin lykiláhersla Castioni: „holdgerving“ merkingarvídda, eða mannleg tjáning eins og hún birtist í „helgimyndum“ hefðarinnar, hverra merking umbreytist er þær öðlast nýjar merkingarhliðar í skynjun og líkama áhorfenda/viðtakenda.


Í heild reynir sýningarþátttökan þó á fullflokinn hátt á samspil hlustunar, lesturs, sjón- og rýmisskynjunar, vitsmuna, þekkingar og myndunar – fyrir þá nautn og skynjun sem ætla má að Castioni sækist eftir fyrir okkar hönd.

Í GANGI

LEIKLIST

Sædýrasafnið Þjóðleikhúsið

„Í leikskrá segir höfundur að hún hafi skrifað leikritið „... án grein- armerkjasetningar og leiklýsinga, í hálfgerðum stikkorðastíl“ og láti leikstjóra eftir að setja textann á svið. Þessi stikkorðastill er auðsær. Senur eru stuttar og textinn á þá leið að hann gæti komið hvar sem er í sýningunni. Efni leikritsins er áhugavert, þörf mannsins að lifa af. Textinn er draumkenndur og oft fallegur. Sjón þjóddi verkið í náinni samvinnu við höfundinn og er textinn alþjóðlegur og lítt hálflegur [...]“



Ingibjörg Þórisdóttir.



Þú ert hér

Borgarleikhúsið

„Samkvæmt aldagamalli hefð fá [...] leikskáld, leikstjóri, tónskáld, jafnan að rexa í og ráðskast með leikara í tvo til þrjú mánuði, en einungis sjálfir að stíga í eina mínútu á sviði í lok frumsýningar og verða svo að láta sig hverfa úr leikhúsinu, ofurselja það sem þeir oft telja „sitt“ hugverk eftirleidis og alfaríð leikurum. Þessir aðstandendur hafa nú einfaldlega ýtt leikurunum út af sviðinu, enginn flækist þar fyrir þeim lengur, þeir gera þetta bara allt sjálfir! Þó ekki væri nema vegna þessarar uppreisnar gegn ofríki leikarans í íslensku leikhúsi, sem margir leikmyndaþeirnar hefðu gláðir tekið þátt í, þessa lævísu brandara, gæfi ég sýningunni fimm stjörnur, væri ég ekki alfaríð á móti stjörnuþjóf í samskiptum manna.“

María Kristjánsdóttir.

Þjóðsögur og gamanmál að vestan

Slegið á léttu strengi í kreppunni
Úrval úr vestfirskri fyndni



Hemmi Gunn valdi sögurnar



Miðað við það dapra ástand sem nú ríkir á landi voru töldum við rétt að gefa út úrval úr þjóðsagnabákinum vestfirska til að reyna að léttu mönnum í sinni. Þar erum við auðvitað komin út á mjög hálán í því húmor manna er misjafn eins og sögurnar. En við látum þó slag standa.

Við fengum hinn landsþekkt Vestfirðing og gleðigjafa, Hermann Gunnarsson, fyrrum léttadreng í Haukadal í Dýrafirði, til að velja efnið í þetta hefti.

Vonum við að menn kunni að meta þetta framtak núna í kreppunni sem gengur yfir land og þjóð. Græskulaus gamansemi, sem allir hafa gott af er aðalsmerki hinna vestfirsku sagna. Upp með húmorinn! Oft var þörf en nú er nauðsyn.



Vestfirská forlagið



Vestfirská forlagið

Upp með Vestfirði!
Pantanir: 456-8181 - jons@snerpa.is

Fæst í bókaverslunum um land allt. Verð 1.900,- kr. Pantanir: jons@snerpa.is